



Reykjavík 5. febrúar 2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að lækka eldsneytiskostnað í millilandaflugi.

Samtök ferðapjónustunnar – SAF vísa til tölvupósts umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 28. janúar 2021, þar sem óskað var eftir umsögn SAF um þingsályktun um ráðstafanir til að lækka eldsneytiskostnað í millilandaflugi, mál 123. Þingsályktunin er þess efnis að fela samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra að undirbúa lagafrumvarp þar sem kveðið verður á um ráðstafanir sem leiða til þess að eldsneytisverð í millilandaflugi lækki.

Þingsályktunin hefur verið yfirfarin af SAF og vilja samtökin koma neðangreindum athugasemdum á framfæri.

Með lögum nr. 89/2020 voru lög nr. 103/1994 felld brott og ákvæði þeirra voru flutt í lög um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 106/2011. Markmið þeirra laga er m.a. að veita styrki til að tryggja framboð olíuvara með því að jafna flutningskostnað á olíuvörum sem eru til notkunar innan lands til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.

Jöfnunin nær hins vegar ekki til flutnings á olíum ætluðum til útflutnings, svo sem til millilandasiglinga, millilandaflugs, erlendra skipa og flugvéla. Fellur því eldsneyti til millilandaflugs þar fyrir utan og því er eldsneyti dýrara á millilandaflugvöllum á Akureyri og Egilsstöðum heldur en í Keflavík og Reykjavík líkt og kemur fram í þingsályktuninni.

Í greinargerðinni kemur fram að með tillögunni sé lagt til að samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra undirbúi lagafrumvarp í þá veru að breyting verði á til að verð á eldsneyti í millilandaflugi lækki. Slík breyting mundi styrkja stöðu ferðapjónustunnar á landsbyggðinni og yta undir dreifingu ferðamanna um landið.

SAF fagna þingsályktuninni líkt og öllum tillögum sem yta undir aukna möguleika á að styðja við uppbyggingu millilandaflugs frá Akureyri og Egilsstöðum. Með því mætti auka dreifingu ferðamanna ásamt eflingu verðmætasköpunar og

atvinnutækifæra enn frekar á svæðum fjarri höfuðborginni. Einnig væri með því stuðlað að minna álagi á fjölförnum ferðamannastöðum á Suðvesturhorninu.

Frumvarp eins og lagt er til í þingsályktuninni myndi styðja við aukna sjálfbærni í atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni, sérstaklega á Norður- og Austurlandi.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in black ink, reading "Jóhannes Þór Skúlason". The signature is written in a cursive, flowing style.

*Jóhannes Þór Skúlason*

*framkvæmdastjóri*